

40 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um innflutning á svinum.**

21. apríl

Stjórnarráðinu hefur frá Sigurði skólastjóra Sigurðssyni á Hólum í Hjaltadal borizt beiðni um, að honum verði leyft að flytja 4 svin frá Danmörku eða Noregi til Akureyrar á þessu sumri.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Suður- og Vesturömtunum um þetta mál, hefur stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvbr. f. á. veitt leyfi til þessa með eptirfarandi skilyrðum.

1. Að svinin sjeu frá Danmörku og flutt þaðan og komi ekki á land í öðrum löndum á leiðinni;

2., að þeim fylgi vottorð löggilts dýralæknis í Danmörku um það, að þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út og að þau hafi ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«, og

3., að svinin verði flutt með skipi, sem fyrst kemur til Reykjavíkur (strandferðaskipunum) og nefndur dýralæknir skoði þau þar um borð á skipinu og finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu að Sigurði Sigurðssyni hefur hjeðan verið tilkynt leyfi þetta.

41

26. marz

Hafnarreglugjörð

fyrir

Seyðisfjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefur 26. marz 1906 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatala, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins, er þau í fyrsta sinn á árinu leggjast á höfnina, eptir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum. Þrjú næstu skiptin, er þau á sama ári leggjast á höfnina, greiða þau hálfu hafnargjald í hvert skiptið, en komi þau optar á sama ári, skulu þau ekkert gjald greiða. Skip, er fara aðeins milli hafna á Íslandi, greiða einnig 5 aura í hafnargjald af hverri smálest, en aðeins þá er þau í fyrsta sinni á árinu varpa akkerum á höfninni. Gjald þetta rennur í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.